Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Minnisblað ... um afstöðu bresku stjórnarinnar til ógildingu sambandssáttmálans og stofnunar lýðveldis 13. mars 1941. (Endurrit)

Bjarni Benediktsson – Aafstöða bresku stjórnarinnar til ógildingu sambandssáttmálans og stofnunar lýðveldis 13. mars 1941. (Endurrit)

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-9, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurrit af minnisblaði í ráðuneytinu, dags. 12. marz 1941, um athugun og viðtal, er þáverandi forsætisráðherra Hermann Jónasson fól skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins að gangast fyrir, til fullvissingar um afstöðu brezku stjórnarinnar til ógildingar sambandssáttmálans og stofnunar lýðveldis.

Bretland

Herrmann Jónasson óskar í svargrein að lýsa yfir:

Að eins og Jónasi Jónssyni sé kunnugt, hafi íslenzku ríkisstjórninni, venjulega boðleið, verið skýrt frá skoðun brezku ríkisstjórnarinnar að því er varðar framkomnar raddir um að slíta konungssambandinu, lýsa yfir stofnun íslenzks lýðveldis og að sambandslögin séu hætt að vera í gildi sökum vanefnda af hálfu konungs og dönsku stjórnarinnar. Er sú skoðun í samræmi við þá tímaritsgrein, sem sérstaklega hefir verið vísað til (Tatler), að ráðlegast sé að fara hægfara leið.

Mætti einnig orða síðustu málsgrein þannig:

Er skoðun brezku stjórnarinnar í stuttu máli sú, að Íslandi myndi henta bezt að fylgja út í æsar ákvæðum sambandslaganna.

---

Í viðtali í dag skýrði Howard Smith, að gefnu tilefni af mér, frá því, að hann hefði ekkert á móti því að forsætisráðherra skýrði þannig frá þeim skilaboðum, er hann flutti íslenzku ríkisstjórninni við hingaðkomu úr leyfi í febrúar síðastl.

Síðari og ákveðnari yfirlýsingu um afstöðu Breta orðaði Howard Smith þannig:

"Those views are simply that Iceland would be well advised to adhere strictly to the terms of the Act of Union.

12/3'41 Ó.Þ.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur